

KÆRUNEFND HÚSAMÁLA

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165

KÆRA

- á grundvelli húsaleigulaga nr. 36/1994 -

Eyðublaði þessu er ætlað að auðvelda almenningi að koma erindi á framfæri við nefndina og tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir þegar í upphafi. Það er ekki skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að eyðublaðið sé notað.

1. Upplýsingar um kæranda:

Fullt nafn:	_____
Kennitala:	_____
Heimilisfang:	_____
Sveitarfélag:	_____ Póstnúmer: _____
Sími:	_____ Netfang: _____

2. Upplýsingar um gagnaðila:

Fullt nafn:	_____
Kennitala:	_____
Heimilisfang:	_____
Sveitarfélag:	_____ Póstnúmer: _____
Sími:	_____ Netfang: _____

3. Kærufni:

Gera skal skilmerkilega grein fyrir ágreiningsefni aðila.

4. Kröfur og rökstuðningur:

Upptalning á kröfum kæranda og rökstuðningur fyrir þeim.

--

5. Listi yfir meðfylgjandi gögn:

Upptalning á meðfylgjandi gögnum, t.d. húsaleigusamningi.

Staður og dagsetning

Undirskrift kæranda/kærenda

Leiðbeiningar með kærðu

- Tilgreina verður gagnaðila, enda á hann lögvarinn rétt til að tjá sig um mál.
- Gera verður skýra kröfu um tiltekna niðurstöðu varðandi hvert ágreiningsatriði. Kærunefnd veitir ekki umsagnir um fræðilegar spurningar heldur tekur afstöðu til krafna aðila.
- Með kærðu verða að fylgja þau gögn sem varpað geta ljósi á mál, svo sem afrit af húsaleigusamningi, bréfaskriftum aðila o.s.frv.

Upplýsingar um kærunefnd húsamála

- Hlutverk kærunefndar er að fjalla um hvers konar ágreining milli aðila leigusamnings við gerð og/eða framkvæmd samningsins. Um nefndina er fjallað í 84. og 85. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994.
- Nefndin er skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra. Nefndarmenn eru þrír og eru tveir þeirra lögfræðingar og sá þriðji hefur sérþekkingu á sviði byggingartækni. Nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Hæstarétti Íslands.
- Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði og er málsmeðferð því aðilum málsins að kostnaðarlausu.
- Úrskurðir kærunefndarinnar á grundvelli húsaleigulaga eru bindandi gagnvart málsaðilum og sæta ekki kærðu til æðra stjórnvalds.
- Málsaðilum er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla innan átta vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp og frestast þá réttaráhrif hans uns dómur fellur. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar fyrir dómstólum er nefndinni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála sem eru til meðferðar hjá henni þar til dómur gengur í málinu.
- Úrskurðir kærunefndar húsamála eru aðfararhæfir án undangengins dóms.
- Úrskurðir kærunefndar húsamála eru birtir á úrskurðavefnum www.urskurdir.is. Nöfn einstaklinga og heimilisföng koma ekki fram við opinbera birtingu.